



**Varðandi:** Styrkir vegna menningar- íþróttá- og atvinnumála 2018  
**Málsnúmer:** 1711170  
**Dagsetning:** 23.05.2018

---

**TILLAGA:**

Bæjarráð samþykkir að fela bæjarstjóra að útfæra nýjar reglur fyrir styrki til atvinnutengdra verkefna og auglýsa eftir umsóknum á árinu 2018. Bæjarráð samþykkir enn fremur að leggja til samtals kr. 2.500.000 í styrktarsjóð atvinnutengdra verkefna. Reglurnar skulu vera lagðar fyrir bæjarráð ásamt auglýsingu eins fljótt og kostur er.

---

**GREINARGERÐ:** Í nokkur ár hefur verið til staðar styrktarsjóður ætlaður verkefnum á sviði menningar-, íþróttá- og atvinnumála. Í síðustu úthlutun úr þeim sjóði fyrir á árinu, var samþykkt að að fela undirrituðum að endurskoða þann sjóð og koma með tillögu að nýrri útfærslu styrkja til verkefna á áðurnefndum sviðum.

Lagt til við bæjarráð að aðskilja atvinnumálin frá sjóðnum og ráðstafa sér fjármagni til verkefna á því sviði. Lagt er að til að leggja í sjóðinn samtals kr. 2.500.000 og ráðstafa því fjármagni sem lagt hefur verið til hliðar í fjárhagsáætlun Akraneskaupstaðar fyrir ferjusiglingar, sbr. 10500-4980. Styrktarsjóður menningar-, íþróttá- og atvinnumála verður í framhaldinu skipt í tvennt og skóla- og frístundaráði og menningar- og safnanefnd gert að útfæra sér reglur um styrkveitingar á því sviði.

Með vísan til framanritaðs gerir bæjarstjóri ofangreinda tillögu.

Sævar Freyr Þráinsson  
bæjarstjóri